Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dr. juris Björn Þórðarson

## Dagbók 1943 - II.

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annálar – Minnisblöð – Dagbók 23. september 1943 - 23. janúar 1944

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 470
Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944
Askja 7

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1943
II.

# SQUARE DEAL

COMPOSITION
BOOK

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1943
## II.

Sept.

Þrd. 23. Utanríkismálanefndarfundur um Rússasendiherra. Ól. Th. var eitthvað tvíbentur um að svara með sendiherra, sem stjórnin lagði til. Aðrir fundarmenn mér, sennilega Jóh. Jós. og M. J. – Ól. Th. gerði fyrirspurn í sam. þingi utan dagskrár um hvenær stjórnin ætlaði að afla sér heimildar þingsins til þess að verja fé úr ríkissjóði til þess að greiða niður vísitöluna. Spurningunni var beint til fjármálaráðh. sem ekki var viðstaddur. Kvaðst ég mundu flytja honum fyrirspurnina og mundi hann síðan tilkynna hvenær henni yrði svarað. Mbl. liðið var mjög spennt og má búast við hnútum þaðan á morgun.

Fötud. 24. Milli landlæknis og mín varð samkomulag um að Guðm. Karl færi á Kongress skurðlækna í U.S. ef hann óskaði, annars Eggert Steinþórsson, sem er vestra. Talaði við Rstj. um 1. desbr. og kom okkur saman um að bezt væri ef S. A. héldi fræðilega hlutlausa ræðu í útvarp á þessu 25 ára afmæli. Annars töludum

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við um sendiherra í Moskva. Helzt P. Ben. og láta Stefán Þorv. fara til London en Agnar Kl. Jónsson í sæti Stefáns. En hvernig fer þetta?

Ld. 25. Langur fundur í Utanríkismálanefnd. Utan dagskrár gerði Magnús Jónsson fyrirspurn um sendingu St. J. St. á fiskiráðstefnuna í London. Varð um þetta nokkur umræða og varð ég dálítið illur og hreytti úr mér. Efast ég um að það hafi borgað sig fyrir Sjálfstæðismennina að hefja þessar umræður. Við sjáum til.

Sd. 26. Árni Pálsson kom og sagði mér að þeir „270" ætluðu að gefa út ritling með allmörgum smáritgerðum varðandi sambandsmálið. Hann talaði ýmislegt og taldi Ól. Th. haga sér óhyggilega og léti um of leiðast af höfuðráðunaut sínum. B. Ben. - Jóh. Sæm. kom og talaði um sama efni og sýndi mér ritgerð sína og gerði ég aths. við nokkur atriði.

Sept.

Md. 27. Ráðh. fundur á skrifst. Rstj. ritara. um svar fjármálaráðherra við fyrirspurn. Ól. Th. Hafði B. Ól. samið svarið að mestu, og var það ýtarlegt og greinagott. Conclusion: Þingið verður að taka af stjórninni ef því þóknast heimild þá, sem hún hefur til greiðslna og taka síðan afleiðingunum. Stjórnin leitar engrar heimildar hjá þinginu, því að hún hefur hana nú.

Þd. 28. B. Ól. flutti svar sitt og Ól. Th. talaði síðan alllangt mál og lýsti óánægju yfir svarinu og andmælti rétti stjórnarinnar til þess að nota fé til uppbóta án þess að leita fyrirfram úrskurðar þingsins um það. Ól. Th. skaut svo máli sínu til málsvara annara flokka og bað þá láta til sín heyra. E. Olg. gerði það og vísaði til frv. sem nú væri borið fram í Ed., sem afnemur heimild stjórnarinnar. Aðrir þögðu og B. Ól. tók ekki til máls aftur. Nú standa sakir svo, að stjórnin má búast við árás að nýju.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sept.

Mvd. 29. E. A. lofaði að tala um sambandsmálið 1. desbr. í útvarp, ef hann hefði tíma til. Fundur í utanríkismálanefnd. Till. frá Ól. Th. um að nefndin og ríkisstjórnin samþykki yfirlýsingu til trausts og halds P. Ben. sendiherra útaf ræðu hans á samkomu Dana í London. Alþ.bl. hafði ráðist á hann fyrir ræðuna. Þetta varð mikið umræðuefni, en gufaði að lokum upp með uppástungu frá mér um að samin væri siðabók (Codex ethicus) fyrir sendimenn okkar. – Þá kom málið um birtingu skjala í sambands- og lýðveldismálinu til umræðu. Nefndin hafði eiginlega samþykkt áður þessa birtingu, en nú voru aðeins E. Olg., St. J. St. og Jóh. Jós. með og málinu frestað. Nú lýsti eg skorinort afstöðu stjórnarinnar – sem þó var aðeins frá eigin brjósti –. Sagði eg að stjórnin hafi frá upphafi verið móðfallin að birta þessi skjöl öllum almenningi, innlendum og útlendum.

Sept.

En misbrúkun flokkanna á einum og öðrum skjala þessara og ítrekuð krafa E. Olg. og St. J. St. um birtingu hefði komið fram, og stjórnin hefði vegna afstöðu sinnar til þingsins enga tillögu gert. Málið væri alveg á valdi utanríkismálanefndar. Stjórnin vildi enga ábyrgð á birting skjalanna bera.

Fmd. 30. Á fundi sjávarútvegsnefndar vegna sendinefndarinnar á Fiskiráðstefnuna í London. Í dag mikilsháttar fundir sagðir vera í Sjálfstæðisflokknum og Sósíalistaflokknum. Líklega um hvernig bera ~~ta~~ sig að gagnvart stjórninni um verðuppbætur o. fl.

Okt. 1. Föstud: Ríkisráðsfundur í morgun. Rstj. minntist á hvort ráðh. ætluðu eða vildu skipta sér nokkuð af umræðum blaðanna í lýðveldismálinu. Eg sagðist ekki vilja það fyrir mitt leyti, þótt Mbl. endurprentaði árás B. Ben. á mig í ræðu hans hinni löngu á Þingvöllum 18. júní.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt. Útvegaði mér Oppenheim, sem B. Ben. skír-skotar til um vanefndakenningu sína.

Ld. 2. Er að böggla saman ávarpi í Norræn jól handa Guðl. Rósinkranz.

Sd. 3. Ólappalegar og ósannar árásir á stjórnina í Reykjavíkurbréfi Mbl. Er blaðið sýnilega í mjög slæmu skapi út af því hvernig Ól. Th. og kumpánar eiga að snúa sér út úr frumhlaupi sínu í garð stjórnarinnar vegna niðurgreiðslu verðs á kjöti og mjólk.

Md. 4. Benti Jóni Blöndal á að rétt væri fyrir hann að kynna sér vandlega það, er Oppenheim segir, en hann ræðir um vanefndir milliríkjasamninga. Muni túlkun B. Ben. á skoðun Oppenheims vera stórlega hæpin og líklega fullkomlega röng. Ég sýndi E.A. einnig þessa staði í Oppenheim.

Þd. 5. Emil Jónsson spurði á þingi hvort komin væri í hendur stjórnarinnar yfirlýsing þeirra

Okt. „28" – þingmanna – um uppbótargreiðslur á útflutningskjöt. Ég svaraði: „Nei, ekki í mínar hendur og ekki kunnugt um að hún væri komin í hendur öðrum ráðherrum". Jón Blöndal ætlar að koma á framfæri óbjálaðri skoðun Oppenheims.

Mvd. 6. J.J. sagði mér að Framsókn ætlaði nú að „leggja línu" í sjálfstæðismálinu. Endaði við ávarp mitt í Norræn jól. Nú er afráðið að lögmannsembættinu verður skipt og þá verð ég ekki lögmaður aftur. Ég sé eftir því embætti.

Fld. 7. Ekki þykir leika vafi á því að frv. Br.B. um brt. á dýrtíðarlögunum sé áhlaup á stjórnina. Hvernig sem það tekst. – Hermann sagði mér að sjálfstæðismálið hafi verið til umræðu hjá Framsóknarmönnum í gær og í stjórnarskrárnefnd í dag. Sagði hann, að æski-legt væri fyrir hvern mann að vita

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

hverja afstöðu stjórnin muni taka í málinu. Ekki mundi þó til þess koma fyrr en eftir nýjár, að málið kæmi fyrir þingið. Ég svaraði þessu litlu, en sagði að ekkert lægi á fyrir stjórnina.

Föstud. 8. Guðmundur Karl kom og þakkaði fyrir frama þann er honum var veittur með því að senda sig á lækna kongress í U.S. Hann er laglegur maður og kemur vel fyrir. – Nú var 2. umræða í Nd. um stofnun lögmannsembættisins. Hún samþ. með öllum samhljóða atkv. Ég þagði um málið en þetta fékk samt á mig í sæti mínu, að sjá klofið og afnáð þetta embætti sem mér þótti svo vænt. Dýrtíðarfrv. Br.B. til umræðu í Ed. Þeir spreyttu sig á þessu kommar og Ól. Th. til þess að hrella stjórnina. Ég kom þar ekki. B.Ól. var þar að eins áheyrnarfulltrúi og sagði ekkert sem rétt var. Þetta er allt loddaraleikur Ól. Th.

Okt.

Ld. 9. Landlæknir talaði við mig um að stofna fávitahæli á Kleppjárnsreykjum. Ég er fylgjandi þessu og þarf það að komast til framkvæmda. J.J. talaði við mig í síma lengi um ýmislegt. Atkvæðasöfnun fordæ og hvort stjórnin hefði í fyrra lofað nokkrum styrk til þess. Hjarstöðu. Þá spurði hann um afstöðu stjórnarinnar þegar frumvarp Brynjólfs hafi verið samþ. Ég sagði ekkert ~~ætlandi~~ hugsað um það fyrr en frv. hefði gengið í gegnum Ed. Talaði við Jóns Blöndal um Oppenheim og ætlar hann eitthvað að gera.

Sd. 10 Kirkjuþing að hefjast fyrir atbeina kirkjuráðs (G.Sv.). Gísli Brynjólfsson predikaði í dómkirkjunni og kvað kirkjuna ekki verða endurlífgaða með ytri vegsemd heldur að búð þjóna hennar. Nýtt líf yrði að færast í prestana. Með því að týna lífinu mundu þeir öðlast lífið. Hann talaði eins og útvalinn herrans þjónn,

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt

en ekki sem þjóns stundlegrar umhyggju.
Ekki ógrunnt um, að sneitt hafi verið að ver-
aldarhyggju prestanna nú og baráttu þeirra fyrir
góðum embættishúsum og launum.

Mád. 11. Björn ritstj. Jarðar spurði mig vegna ummæla
Helgafells: Hvort J.J. hefði í fyrra „gengið á
fund minn til þess að fá fé handa Jörð til
þess að láta fara fram atkvæðakönnun, sem
þá fór fram." Ég sagði: „Hann hefur ekki gengið
á fund minn". Samþ. á ráðh. fundi að greiða
að fullu verðbætur á ull og gærur samkv.
ályktun Alþingis 28. ág. '42 miðað við 22½%

Þd. 12 Hitti Rstj. og sýndi honum ávarp mitt. Norræn
Jól. Við töluðum nauðsyn þess að skipuleggja
utanríkisþjónustuna heima og erlendis þannig,
að ávallt væri hægt að senda einn mann úr
einum stað í annan þegar nauðsyn bæri
til. Þá töluðum við um afstöðuna til Dan-
merkur, hve óhyggilegt það væri að fara

Okt

þar rasandi ráði og með óðagoti, og nú mátti alveg
settu marki án þess að móðga Dani. Þá væri
það og allt í óvissu hvenær Bretar vildu viður-
kenna lýðveldið.

Mvd. 13. Skrifaði Herm. Jónassyni bréf um að rýma
ráðherrabústaðinn tafarlaust, því að stjórninni
væri nauðsyn að hafa umráð hans til þess að
halda þar uppi risnu. Skýrslur B.Ól. og V.Þ. um
olíumálin, miklar umræður. Rstj. þótti ávarp
mitt heldur kalt og óskaði að ég vildi skjóta
inn einni setningu, sem ég gerði.

Fmd. 14. Gísli Sveinsson kom og talaði við mig um
hverja afstöðu stjórnin mundi taka til afgreiðslu
lýðveldisfrumvarpsins. Mundi það líklega koma
fyrir eftir nýjár, og lýðveldisnefndin óskaði
að þing yrði kvatt saman fljótt eftir nýj-
árið. Við töluðum saman í trúnaði og ég
sagði honum hreint og beint mína meiningu
um sum atriði en í fullum trúnaði. Ég sagði

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

honum, að ég hefði animøsetet gegn því að
fast binda gildistökuna við 17. júní. Enn-
fremur hefði ég nokkurn beyg af aðvörun
frá Bretum, ef þeim fyndist ekki að öllu
löglega farið, því að þeir vildu hvergi gera
konungdómi „the royalty" miska. Ég sagði
honum, sem satt var, að ég hefði aldrei hót-
að þingrofi út af sambandsmálinu. – Síðar
fór ég til Bess. með V.Þ. og töluðum við
um ráðherrabúst., [illegible] og samb.málið.
Mér skildist á Rsþ. að hann mundi lítt
fáanlegur til að gefa kost á sér sem forseta-
efni, ef forseti yrði [illegible] ráðinn og
afsetjanlegur svo sem gert væri ráð fyrir
í frv. lýðveldisnefndar. Þá töluðum við
um endurskipun utanríkisráðuneytisins
svo og um sendiherrabústaði og regulativ
fyrir þessa þjónustu alla.

Föstd. 15. Sagði E.A. frá erindi G.Sv. og líka samtali mínu

Okt.

við Herm. 7. þ.m. E.A. mun vera á því, að við gerum
lýðveldismálið ekki að fráfararsök þótt svo
kynni að fara, að okkur líki ekki alveg aðferðin.

Ld. 16. Halldór Jónasson kom til mín í pólitískum erind-
um. Ég tók ekkert undir ráðagerðir hans og
taldi þær til einskis stuðnings fyrir stjórnina.

Sd. 17. Fór með E.A. uppí Skíðaskála og talaði við hann
um erindi H.J., sem hann þó vissi áður. Hafði
hann sagt H.J. og sendimanni hans, að stjórnin vildi
ekki binda sig við tilraun til neinnar flokks-
myndunar. En sökin er sú, að þeir eru að reyna að
sameina Ísland og Þjóðólf og koma Árna frá Múla
á stjórnarframfæri. H.J. kom til mín í kvöld og
sagði ég honum allt af létta eftir því sem viðátti,
þ.á.m., að ég vildi ekki taka Á.f.M. í stjórnarvarna.
Þingrof kæmi ekki til mála. Af því stafaði
hinn megnasti ófögnuður fyrir landslýð, verkföll,
verðbólga, lýðveldismál, allt kæmist í óreiðu.
Sá hann að stj. vildi ekki viðtjast undir hans mál.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

Mvd. 18. E. A. sagði mér frá viðtali við Magnús próf. Jónsson alþm. um samb.- og lýðveldismálið. Þótti honum ekki viðunandi að hafa stjórn til að framkvæma lýðveldisáformið í vor, sem ekki fylgdi því af áhuga, þótt hún lojalt og formlega vildi sjá um framkvæmdina. Kemur hér fram, sem vitað er, að „sjálfstæðis og lýðveldishetjunum" er ekki ljúft ef svo skyldi takast til, að núverandi stjórn ætti það eftir, að framkvæma samþykktir Alþingis í þessum efnum og fá ef til vill nafnið „lýðveldisstjórn".

Fd. 19. Þátttaka Íslands í hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða. V. Þ. sagði mér að nefndarkostnaður Íslands við Matvælaráðstefnuna í Hot Springs væri 3 þús. dollarar en U.S. 10. þús. dollarar. Er þetta sýnishorn af því hversu mikil fásinna það er fyrir okkur að ætla sér að taka þátt í svona ráðstefnum ef niðurjöfnun kostnaðar er með þessum hætti. – Talaði við G. Sv. og var hann sem í fyrra einn ákveðinn í því, að þingið yrði kallað saman strax eftir nýjár.

Mvd. 20. Sat á þingi undir ólýsanlegum umræðum. Ól. Th. og Eysteinn ræddu í 2 stundir um drengskapar- og eiðrof Ólafs. Það getur hver trúað því sem honum sýnist í þessu máli. Ól. Th. las gaumgæfilega orðaða skýrslu, en Eyst. endurtók staðhæfingar sínar um brigð Ólafs. Það sannast sem líður, að þingið fær engu afkastað af orlegu verki. En hvað getur stjórnin gert til að ráða bót á þessu?

Fd. 21. Herm. Jónass. talaði við mig í dag. Er hann nú kominn öruggt á línu hægfara manna. Vill gera hið bezta sem unnt er. Er sammála mér um tímabilið 17. mai 1941 – 17. mai 1944 = 3 ár. Telja engu fullnaðarákvörðun fyrir þann tíma. Markið þarna. Hann vill forseta þjóðkjörinn með meira valdi en stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Hann

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

vill ekki að þrír flokkarnir haldi sig saman og útiloki Alþýðufl. og vill bíða með flokksfyrir átvarðanir þar til St. J. St. kemur heim.

Föstud. 22. Ráðsfundur um Flugvöllinn í Reykjavík. Spurning um „immovable installations". Sendiför Magn. Sig. á fund Hjálparstofnun sameinuðu þjóðanna og hverir aðrir skyldu fara. Ennfremur um afstöðu stjórnarinnar til dýrtíðarfv. Br. B. og svar við því. B. Ól. sennar yfirlýsingu — V. Þ. vakti máls á því, hvort stjórnin ætti ekki að fara að hugsa sér að taka opinberlega afstöðu til „sjálfstæðismálsins".

Ld. 23. Var á fundi í sjávarútvegsnefd. Ed. um stríðsslysatrygginga. Gísli Jónsson var þar allt í öllu og vill gera þar sociealt þarflegt verk, sem ég styð hann í. Var við háskólasetningu. Árni Pálsson hefur nú fengið lausn frá embætti sakir aldurs 65 ára eftir 12 ára starf. Rektor sagði, (Jón Hj. Sig); er hann gat þessa, að Á. P. væri ósérhlífinn, fróður og hnittinn í orðum, annað ekki. Ennfremur gat rektor þess, að Sig. Einars. doc. væri undir sakamálsrannsókn vegna kæru samkennara hans — Það var ekkert hátíðlegt við þetta og þjóðsöngurinn ekki leikinn eða sunginn. —

Sd. 24. Hitti Howard Little, sem sagði, að hann væri hræddur um fjárhagsástand Íslands eftir stríð. Hann óttaðist ennfremur um samheldni U. S. og Bretlands eftir stríð, því að samlyndið væri svo, að hvorir um sig liti niður á (contempt) hina. Hann gat og þess, að Ameríkanar væru langtum siðlátari nú en þegar komu fyrst hingað til Íslands. Íslendingar hefðu kennt þeim betri siði. Þetta sæist glögglega m. a. á framkomu þeirra í sölubúðum.

Md. 25. Nú gengur orðrómur í bænum um nýja stjórn. En þetta er vitleysa í bráð. Þessi stjórn er sögð að [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

En hvað sem er um þetta, þá er það víst, að miklar umræður og fundir eru um þessar mundir milli B. Ben. & Ól. Th. annarsvegar og Br. B. & E. Olg. á hina, en Sigfús er hægri hönd B. Ben.

Þd. 26 Hermann hringdi til mín útaf samdrætti S.-S. mannanna, og varð það að ráði eftir ósk minni, að hann kæmi á fund okkar ráðherranna kl. 2½, og svo varð. Sagði hann, að S.-S. menn ætluðu að nota Sjálfstæðismálið sem flotholt og útiloka Alþýðuflokkinn. Bindast samtökum nú þegar og flytja þjóðinni þann boðskap. Að gerð skyldi þingsamþykkt um sjálfstæðismálið á ákveðnum degi, og Alþýðuflokkinn yrði látinn vera utangátta. Brugg þetta færi á milli svo fárra í Sjálfstfl., að líklega vissu það ekki fleiri en svo sem þrír menn og ekkert væri gert uppskátt öðrum flokksmönnum.

Framsókn vill ekki taka þátt í útilokun Alþýðuflokksins. Stjórnarskrárnefnd er skipuð 3 úr S.S. flokki. Alþýðufl. útilokaður og Framsókn á erfitt. Við ákváðum að bíða til morguns með aðgerðir en Herm. hringdi aftur til mín í hótel.

Mvd. 27. Ráðh.fundur á skrifst. Rstj.ritara aðallega um skilnaðarmálið, eitthvað yrði að gera útaf bruggi S.-S manna. Ákveðið var að fresta fundi til morguns samkv. till. B.Ól.

Fid. 28. Ákveðið á ráðherrafundi að auglýsa á opnum fundi í sameinuðu Alþingi, að stjórnin muni fylgja fram ákvörðunum Alþingis í sambands- og lýðveldismálinu hvenær sem Alþingi telur heppilegast að taka slíkar ákvarðanir. Stjórnin telji það sérstaklega eins og nú standa sakir hlutverk sitt að vinna að einingu Alþingis í málinu og vinna að samhug þings og þjóðar. Stjórnin leggur til grundvallar þessar afstöðu sinni til lýðveldis-

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

stofnunarinnar og lausn sambandsmáls-
ins hið raunverulega ástand eins og það
er nú. E. A. tók að sér að gera uppkast
að röksemdafærslu fyrir yfirlýsingu stjórn-
arinnar. — Eysteinn kom og sagði að Fram-
sókn mundi vilja samþykkja framlenginu
verðlækkunarskatts til þess að hamla gegn
dýrtíðinni.

Föstd. 29 Bað ríkisstjóra leyfis til að halda ráðherrafund
á Bessastöðum. Það veitt. Komum þangað kl. 4[15]
Var þar gengið í gegnum uppkast E. A. og
var það samþykkt með nokkrum breytingum
og úrfellingum. Ríkisstjóri virtist taka mál-
inu vel og gerði hann engar athugasemdir
en hann var aldrei að því spurður hvort
hann féllist á yfirlýsinguna. Það er til-
kynnt að yfirlýsing stjórnarinnar kom
á mánudag. Fórum frá Bess. kl. 6[40].

Ld. 30. Í dag gengið til fullnustu frá tilkynningu

Okt

stjórnarinnar um lýðveldismálið. Yfirlýsingin
hefluð og breytt nokkuð að orðalagi. Gísli Sv. kom
á minn fund og E. A. vegna dagskrár í sam.
þingi á mánudag. Óskaði hann að vita megin-
efni tilkynningarinnar. Fékk hann það með
loforði um trúnað til mánudags. Árni Pálss.
hringdi og spurði hvort hann ~~[illegible]~~ mundi gleðj-
ast eða hryggjast. Ég sagði hann mundi
ekki gleðjast. Annars er ekki gott að segja
hvernig þetta verkar á þá „270" og Alþýðu-
blaðsmennina.

Sd. 31. Fór uppað Saurbæ á Kjalarnesi og afhenti Ólafi 300
kr. sem tillag til kirkjugarðsbyggingar þar. Kom
við í Móum en húsráðendur ekki heima. Hefi
annars engan hitt eða talað við neinn. Ég
er rólegur en óviss um undirtektir innan
lands og utan. Fáum við aðvörun
í þriðja sinn? Frá Bretum? Þá er
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.

Mánud. 1. Allraheilagramessa. Fundur í sam. Alþingi settur kl. 1½. Þá flutti ég yfirlýsingu stjórnarinnar. Þéttskipuð öll áheyrendasvæði. Flutningurinn mun hafa tekist vel. Seinna á fundinum vaddist B. Ben. að mér í þingsalnum og þakkaði mér fyrir ræðuna og óskaði mér til hamingju. Ég held hann hafi meint það. Sama gerði Jakob Möller o. fl. Alþýðuflm. eru í öngum sínum. Jón Blöndal kvað sig stunginn í bakið. Það er ekki rétt, en skiljanlegt að honum sárni. En Alþýðuflm. hafa tapað sínu máli og mega líklega vera mér og stjórninni þakklátir. Hinir „270" verða líka óánægðir. En þetta er nú skeð og ég trúi og treysti því, að <u>stefna stjórnarinnar sé rétt</u>, því að sannarlega hefði það verið óútreiknanlegur óskundi ef hinar sögðu ráðagerðir S.-S. manna hefðu komist til framkvæmda. Útvarpið

Nóv.

tók ræðu mína á plötu og útvarpaði henni í kvöld. Ég þekkti ekki röddu mína en kannaðist við taktinn. Að taka upp ræðu með þessum hætti finnst mér óskemmtilegt fyrir ræðumann.

Þrd. 2 Ól. Th. tók mjög alúðlega í hönd mér og sagði, að stjórnin gæti nú verið róleg fyrst um sinn. J. J. sagði að yfirlýsing stjórnarinnar þætti alstaðar góð og viturleg. Sama hafa aðrir sagt. Ekkert hefi ég heyrt frá þeim „270" eða hvað Alþfl. ætlar að taka upp. St. J. St. er enn í Englandi. Tilkynningin var lesin í dag í danska útvarpinu í London. Fontenay hefur sent hana þangað.

Mvd. 3. E. A. krafðist þess, að ég gengi nú loks í það að fá því framgengt, að ráðherralaunin yrðu hækkuð. Ég gekkst undir það ásamt með Bol. að tala um þetta við formann fjárveitinganefndar (P. Ott.).

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.

Fid. 4. Við B. Ól. töluðum við P. Ott. um hækkun ráðherralaunanna, sem hann tók vel undir, en óskaði, að við kæmum á fund fjárveitinganefndar. Fjárlagaumræður.

Föstud. 5. V. Þ. vill alls ekki koma á fund fjárveitinganefndar í launahækkunarerindum og mun J. J. flytja málið fyrir nefndinni. Fjárlagaumræður.

Ld. 6. Ross, breski sendifulltrúinn, viðfeldnasti maður, er nú á förum.

Sd. 7. Halldór Jónasson hringdi vegna skeytis til V. Finsen á 60 ára afmæli hans. H. J. sagði að margir hinna „270" væru gramir. Það er meira en skiljanlegt, því að þeir sjá að þeirra pólitík getur ekki fengið byr. Aðferð stjórnarinnar, var orð í réttan tíma talað, hygg ég óhætt að segja. Náttúrlega mátti haga orðum öðru vísi þó með sömu meiningu

Nóv.

Md. 8. Talaði við Rstj. um hátíðahöld 1. desbr. Veizlu, reception, ráðshöld etc. Hann er samþ. þessu. Talaði við collegana alla um þessa hluti á ráðherrafundi og virtist það sammála að eitthvað þessa skyldi framfara. Talaði við Jóh. Sæm. hann er ekki mjög gramur.

Þd. 9. Árni frá Múla ræðst harkalega og lítilsvirðandi á mig í blaði sínu Ísland. Bregður mér um „hringsnúning" í sambandsmálinu frá 1. desbr. 1942. Ef rétt er skoðað, er þetta rangt. Ár er liðið síðan þá, og uppsagnarfrestur sbl. verður væntanlega á enda áður en lýðveldisstofnun fer fram. Málið er á réttri leið nú, en var á rangri leið sumarið og haustið 1942.- Árni er gramur mér vegna þess, að stjórnin vildi ekki taka hann upp á sína arma í haust. Alþýðublaðið prentar upp kafla úr ummælum Árna og segir „hringsnúning" mína ekki skiljanlegan!

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.
Mvd. 10. Ríkisráð í morgun. E.A. ætlaði að mæta Gotfredsen en við hinir vorum því allir andvígir, og var því máli frestað. Fontenay bað um viðtal og lofaði ég honum því á morgun kl. 11. Hann hugsar væntanlega, að Árni frá Múla, sem nú er í kunnleikum við hann, hafi með árás sinni á mig, gert mig nægilega þýðan til viðræðu.

Fml. 11. Fontenay kom kl. 11 og var til kl. 12. Hann byrjaði á því að skýra frá því, að erindi sitt væri að fá nánari skýringar á yfirlýsingu stjórnarinnar frá 1. þ.m. og hvað á bak við hana lægi. Ég sagði þá, að hann þekkti ef til vill íslenskan málshátt frá tíð rímnaskáldanna, sem hljóðaði svo: „Mitt er að yrkja, ykkar að skilja". Annars sagði ég, að yfirlýsingin væri svo skýr, að varla yrði hún misskilin; teldi ég í rauninni óþarft og vildi helzt vera laus við að skýra yfir-

Nóv.
11. lýsinguna. Þá spurði hann hvort mundi eiga að semja sér um það annað en til mín. Ég sagði, að stjórnin mundi gefa sína skýringu þegar þörf krefði. — Þá lýsti hann ánægju sinni yfir því, að Dönum væri ekki í yfirlýsingunni bornar á brýn vanefndir á sambandslagasamningnum. Ég tók undir það, að vakað hafi fyrir stjórninni, að láta það koma skýrt fram, að það væri ómöguleiki en ekki vanefnd, er hér væri um að ræða, og kveða þar með vanefndakenninguna, alveg niður í þessu máli. — Ástæðan fyrir útgáfu yfirlýsingarinnar nú, væri fyrst og fremst að reyna að þagga niður hin leiðinlegu blaðaskrif og deilur, sem engum væri til gagns. Fontenay skaut þá fram, að það kynni og að hafa vakað fyrir stjórninni að koma í veg fyrir samdrátt Sjálfstæðisins og Sósíalista um málið. Til þeirra

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv. 11. sagði ég, að vitanlega hefði það ~~ekki~~ verið dulið fyrir stjórninni, að einmitt samkomulag þessara tveggja flokka sín á milli um þetta mál, væri ekki heppilegt eins og málum væri nú háttað. Því væri önnur afstaðan fyrir útgáfu yfirlýsingarinnar, og sú sem mestu hefði ráðið, að efla einingu þjóðarinnar um málið. Þá talaði Fontenay um, að það mundi ekki vera viðurkenndur international réttur, að aðilar leyfðist að nema sambandslögin úr gildi einhliða, ef svo ætti að skilja yfirlýsinguna. Smáþjóðir gætu ekki tekið sér slíkan rétt til að rjúfa samninga, þótt stórþjóðir leyfðu sér það. Þá talaði hann og um óheimild til að setja konung af. Ég sagðist ekki nú vilja ræða um lögskýringar eða rétt ~~okkar~~ til nefndra aðgerða, og tók fram, að þótt ekki væri

Nóv. 11. til fordæmi slíkt sem það, ~~ástand~~, sem væri nú ríkjandi milli okkar og Dana, þá gæti það ekki skorið á neitt hátt úr um þetta mál. Heiminum væri breyttur frá því, sem var fyrr á tímum, og ekki væri fjarri lagi að hugsa sér, að rétturinn í mörgu falli væri háður og gæti fylgt líkri þróun og tækni. Fyrir rúmum hundrað árum var ferðast á landi með hraða manns og hests, en nú væru flugvélar orðnar samgöngutæki. – Þá snerist samtalið að skandinavisku þjóðunum sérstaklega og samvinnu smáþjóðanna eftir stríð. Gremja Norðmanna í garð Svía, sem þó færi minnkandi. Dementi Johanssons á vissri frétt, sem Fried kom í útvarpið. Hann sagði Esmark og Johansson Skandinava en Fried Norðmann. – Það [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.
11 á danska þýðingu af ræðu minni 1. desbr. í fyrra og af yfirlýsingu stjórnarinnar 1. þ.m. Lofaði ég að gera það án þess á minnsta máta að láta á því bera, að ég skildi hvað hann meinti með þessari ósk. Þá komst hann að öðru aðalatriði erindis síns. Kvaðst hann telja það skyldu sína að láta uppi skriflega við stjórnina „forbehold" af sinni hálfu sem sendiherra gagnvart yfirlýsingu stjórnarinnar. Væri það í samræmi við fyrri bréf sín frá 1941 og 1942, sem ég mundi hafa séð. Ég sagðist auðvitað ekkert hafa til þess að segja, hann réði sínum gjörðum í því efni. Hann taldi það mundi geta talist sem samþykki af sinni hálfu ef hann léti ekkert til sín heyra, og teldi hann það skyldu sína vegna stjórnar sinnar að

Nóv.
11. láta uppi slíkt „forbehold", sem ekki bæri að skilja sem „protest", og hugðist hann ekki ætla að fara inná löggstjórnargr í bréfinu. Nefndi ég, að hann vildi láta í ljós einhvern „fyrirvara", og tók hann undir það. – Ég tók fram, að væntanlegt „forbehold" hans mundi vera að skilja af hálfu fyrrverandi stjórnar Dana, en ekki þeirrar stjórnar, sem nú færi með völd í Danmörku. Játti hann því, að það væri stjórn Scavenius sem hann ætti við, sem ekki hefði fengið lausn, en væri í stofufangelsi. Annars skildist mér Fontenay líta þannig á, að leysa yrði sambandsmálið fyrst og fremst frá stjórnmálalegu sjónarmiði fremur en eftir lögskýringarreglum. – Ég sendi honum dönsku þýðingarnar eftir nokkra klukkutíma og kvaddist [illegible] kl. 9¾–10¼ e.h.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.

Föstud 12. Var á þingi og svaraði fyrirspurn og Ól. Th. líkaði svarið illa. Eg held eitt sé víst. Það er, að samúð sumra með mér í stjórnarsessinum hafi fjarað út eftir yfirlýsinguna um 1. þ.m., og vini hefi ég enga unnið við hana. Nú mun verða leitað allra bragða á annan veg innan Sjálfstæðisins til þess að hrella stjórnina og gera henni lífið leitt. Ánægju hefi ég enga í stjórnarsessinum og mun svo lengstum verða, metnaður minn ekki nægilegur til þess.

Ld. 13. Mbl. segir í grein í dag undir fyrirsögninni: Íslendingar í Höfn: „Við þurfum að tryggja sem best aðstöðuna gagnvart öðrum stærri þjóðum, og höfum tæpast ráð á að sleppa tækifærum, sem til þess gefast". Hvað meinar blaðsneypan með þessu? Vill það, að við flatmögum sem allra mest fyrir Ameríkönunum og slít-

Nóv.

um af okkur landa í Höfn og kostum þeim í gin nazista.? – Fiskifél. skrifar mér og segist ætla að biðja fjárveitinganefnd að veita M. bróður 2000 kr. eftirlaun á ári þessu hefir Emil áorkað fyrir mig. Eftir er að vita hvað þingið segir. – Eg man hverfa úr stjórninni '44.

Sd. 14. Gísli Sveinsson talar ekki af svölum Alþingishússins 1. desbr. því að stúdentar vilja ekki gera honum sóma með skrúðgöngu heldur þeim einum sem þeir velja. Getur verið, að Rsfj. tali, stúdentar hafa beðið hann þess en hann enn vikist undan. G. Sv. vill tala um kvöldið á undan E.A., en ég aðvaraði E.A. um það og veit ekki hvað úr verður. Eg talaði við V.Þ. um hvað gera skyldi 1. desbr. Sömuleiðis talaði ég við Rsfj. og mælti hann ur með, að hann yrði við ósk stúdenta um að tala 1. desbr. Eg talaði við form Stúd. [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.

veizla í Oddfellow fyrir þingmenn og frúr þeirra.

Md. 15. Orðrómur um það, að Kommar og Sjálfstæðis ætli að flytja lýðveldisfrv. inn á þingið nú á næstunni til þess að útiloka Alþýðufl. og styrka Framsókn, sem vill auka-þing strax eftir nýjárið og samþykkja lýðveldisstjskr. og fresta reglulegu þingi. Ekki veit ég hvort Rstj. talar 1. desbr. J.J. er óstöðugur, sýnir nú og Framsóknarmenn þýtir, aftur mun Ól. Th. og félagar leita allra úrræða til þess að koma stj. í bobba, en stjórnin mun bera af sér lögin eftir þinginu, þótt ekki eigi hún þess kost að hefja sókn eða vilja til að skera á hnútinn.

Þd. 16. Rstj. ætlar að tala af svölum Alþh. 1/12. Gísli Sv. vill fá að yfirlíta ræðu hans, ekki vil ég láta það eftir honum. Mbl. segir í morgun í grein undir fyrirsögninni: Aðalatriðið: „fyrsti forsetinn hefur í ræðu og verki

Nóv.

þegar verið kjörinn. Um hann er enginn ágreiningur, hvorki á Alþingi né hjá þjóðinni". Ég lét í dag ótvírætt uppi við Ó. Þ. einslega, að ég vildi ekki sæta því, að stjórnin væri lítilsvirt með framferði flokkanna í dýrtíðarmálunum. Okkar eini styrkur væri fólginn í því, að við héldum uppi sæmd okkar í augum þjóðarinnar og ef það tækist flokkunum að lítilsvirða ~~og~~ okkur í augum almennings svo að hann trúði, væri okkar mission úti og ég vildi þá losna. Sama sagði ég aftur í einrúmi við E. A. Ég gef ekki kost á mér fyrir að vera forsætisráðherra að nafni til án þess að hafa getu til að ráða nokkru um framvindu dýrtíðarmálsins og launasambandsmálsins á þingi.

Md. 17. Ráðherrafundur: Sendiherra í Moskva: P. Ben. London: Stefán Þorv. Skrifstofustj.: Agnar Kl. Jónsson. B. Ó. veitir ég kannar það framh. forð. S. Ó.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.

er gramur yfir úrslitunum hans af svölum Alþingishússins 1/12, en vill nú ólmur vera fyrstur að tveldum á undan E.A. og býst og við að E.A. láti það eftir honum. G.Sv. vill láta á því bera að hann komi fram ex officio fyrir Alþingi þó ekki hafi hann í þessu falli neitt sérstakt umboð til þess. – Annars er hin pólitíska atmosfera hin andstyggilegasta.

Fbl. 18. Jón Axel vill fá birta skýrslu sjódómsins útaf Þormóðsslysinu. Eg sagði honum að eg mundi tala við félaga mína V.Þ. og E.A., er þetta heyrði undir. Þar sem G.Sv. vill endilega tala 1. desbr. á undan E.A., er hann í dálitlum beyglum um hvort hann á að tala. Eg reyndi að stappa í hann stálinu og að hann talaði á „eftir fréttum“ eins og áformað var í upphafi. En hvað verður er ekki gott að vita.

Nóv.

Föstud. 19. Alþýðubl. segir á sína vísu frá tilraun G.Sv. til að tala 1/12 frá svölum Alþh. G.Sv. er óánægður yfir þessu. Ól.Th. réðist í umræðum á V.Þ. og bar honum á brýn ranga frásögn í ræðu af ahköfum Ól.Th. í álumálinu í fyrra. Ól.Th. er illa við frv. stjórnarinnar í álumálinu, en deildin er með því: Hvað sem síðar verður vegna andstöðu brezku álukónganna. P.Ben. vill ekki fara til Moskva, en nú er spurningin hvort hann komist upp með það að vera kyrr. B.Ól. kom í dag eftirveikindi.

Ld. 20. Allt í ólagi með veizluna 1/12 í Oddfellow. Heimdallardrengirnir hafa fengið húsnæðið þennan dag og munu þeir studdir af vissum meiriháttar öflum til að rýma ekki fyrir stjórninni. Einar vörður er að fá Ráðherrahúsið rýmt og hafa veizluna þar. V.Þ. þykir það ekki veglegt eins og það hús er nú til reika, en annað er ekki að gera. [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.

sjó um dýrtíðarráðstafanir og afgreiðslu fjárlaga. Það verði vandræðabeyglur úr þessu. Árni frá Múla heldur áfram í Íslandi að veitast að stjórninni fyrir stefnuleysi og snúning í sjálfstæðismálinu og eru öll hans skrif um þetta miðuð upp á mig.

Sd. 21. Ráðherrafundur í morgun aðallega um að svara P. Ben útaf mótþróa hans að fara til Moskva. Stjórnin heldur fast við ósk sína og er hún rökstudd. Líklega sér hann sinn kost beztan með því að samþykkja, annars verður stjórnin að kalla hann heim. Talið er, að fyrirmenn Sjálfstæðisins séu gramir út af aðgerðum stj. um sendingu P. Ben. til Moskva. – Eldhúsumræður í næstu viku. Þar mun ekki ég tala nema brýn nauðsyn beri til.

Md. 22 Óvissa og óhugnan ríkir um dýrtíðarmálin, sem ég þoli svo illa. V.Þ. vill þó sitja sem fastast og

Nóv.

Bol.menn fylgja honum nú, en vel getur verið, að E.A. rjúki upp og vilji fara, þó kannske ekki ef á að herða. Ekkert veit ég hvað ég á að segja á gamlárskvöld ef ég hangi við stjórn þangað til. Það skýrist kannske eftir 1/12.

Þd. 23. Rstj. bað mig að líta á uppkast að ræðu hans 1/12. Ég sýndi hana einnig collegum og kom okkur saman um, að einsetning mundi falla sumum fyrir brjóstið og mundi gerð að árásarefni á þá leið, að Rstj. vildi draga lýðveldisstofnunina á langinn. – Gotfredsens-málið varð enn að misklíðarefni. E.A. hótaði jafnvel burtför ef málið yrði sett á oddinn, en ég sagði það alltaf smávægilegt til slíkra afleiðinga og mundi hann finna veg út úr því á aðra lund.

Mvd. 24 Afhenti Rstj. ræðuuppkast hans með athugasemd- [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nóv.

að kvöldi í Ráðhúsinu. Annars verður stjórn-
in þ.e. að segja ég að taka í því sem til er til
þess að fá húsið rýmt því að Sig. Jónasson
situr fastur í íbúð Herm. og Hermannsmenn
komast ekki úr R.húsinu fyrr en Sig. J. er
með góðu eða illu rýmt burtu. – Útvarpsum-
ræður úr „Eldhúsinu". B.Ól. talaði af hálfu
stjórnarinnar vel og röksamlega.

Fmtd. 25 Útvarpsumræðum framhaldið. Annars ekkert veru-
lega ráðist á stjórnina. Það er hin þögla mót-
staða og baktjaldamótstaðan, sem stjórnin
á við að eiga. Enginn tók til máls af hálfu stj.
innar, en ræða B.Ól. í gær var tvímælalaust
virðulegasta og bezta ræðan sem flutt var
við þessar umræður.

Föstud 26 Ligg í dag í inflúenzu. Veit ekki hvað ger-
ist á þingi, en annars er spurningin um
það hvort afnumin verður heimild stjórnar-
innar til að greiða niður dýrtíðina. Ef það

Nóv.

verður hlýtur stjórnin að láta til skarar
skríða um brottför sína á næstunni.
– Með hvaða hætti sem það verður.

27–29 Lá í rúminu með ótukt og leiðindum.

Þd. 30 Var þunnur í morgun en skánaði er á daginn
leið. Talaði við V.Þ. og bið hann að hafa veg
og vanda af hátíðahöldum stjórnarinnar.
B.Ól. segir mér, að flokkarnir þrír S.S. og
Framsóknar hafi samþykkt í kvöld að
gefa út boðskap líklega á morgun um
að Alþingi verði kvatt saman 10. jan.
til þess að samþykkja lýðveldisstjórn-
arskrána. 14 af hinum „270" senda
skjal til Alþingis og flokkanna.

Desbr. 1. Ég er heima ekki vel fyrir kallaður, ó-
Mvd. tukt í mér enn og dreg mig því undan
þeirri skyldu að vera til staðar í Alþ.h.
við móttöku. V.Þ. var þar í fyrirsvari og
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr.

og sagði að allt hafi gengið vel. Veit ég að honum hefur líkst sköruleg vandaum af höndum. Ég símaði áður til Rstj. og þakkaði honum ræðuna. Hann þakkaði upphringinguna og sagði: „Þú dregur þig í hlé“. Þetta virtist mér vera aðdróttun um „skrópu“. En það er misskilningur hans. Hann um það, ef hann hefur vant mig um að skrópa. P. Ben. færist enn undan að fara til Moskva. Þetta er gert berlega stjórninni til bölvunar og í samráði við bróðurinn heima en við skulum sjá til hver skjöldinn ber. E. H. talaði ekki eins vel og æskilegt hefði verið. Óþarfi að vísa til skoðunar P. Ben. Ól. Thór. talaði kröftuglega og G. Év. eins og bezt mátti við.

Febr. 2. Er enn með ókulct og fer ekki út. V. Þ. hringdi til mín í morgun og sagði mér frá veizlunni í Ráðherrabústaðnum og fór þar allt fram með prýði. Ennfremur sagði hann, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði krafist fundar í utanríkismálanefnd út af utanríkisþjónustunni, fyrst kl. 5 í dag en hann neitaði, þá kl. 5 á morgun. Þeir heimtuðu þó ekki seinna en kl. 11. Eitthvað er um að vera.

Föstud. 3. Var á fundi í Utanríkismálanefnd út af málunum P. Ben. að fara til Moskva. Ól. Th. vildi láta biðja P. Ben. að koma heim og tala við hann áður en ríkisstjórnin setti honum úrslitakosti. Ég innti að því, að svo virtist sem það mundi þýða burtför P. Ben. úr utanríkisþjónustunni ef ríkisstjórnin héldi fast við ósk sína. Við hefðum fáum mönnum á að skipa og þyrfti því að athuga málið nákvæmlega. En burtför manns úr þjónustunni undir svona kringumstæðum gæfi ...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr.

Málið er bæði stjórnpólitískt mikils ægt og sjálfstæðispólitískt mál Sjálfstæðisflokksins. Annars hugguleg uppá framtíðarstjórnarfar að stjórn verði að beygja sig ef hrófla á við einhverjum [illegible] þessara herra. – Kom á þing. J.J. talaði einslega við mig um stjórnina og sagði ég honum, að ef stjórnin yrði svift heimildinni til lækkunar dýrtíðinni, þá yrði annaðhvort ný stjórn að taka við eða þing yrði rofið.

Ld. 4. Framh. fundar í Utanríkismálanefnd. um sendingu P. Ben. Málið sótt fast af Sjálfstæðismönnum. Tillaga Sjálfstm. um að hann kæmi heim til ráðgerða áður en skipun hans væri gefin út var samþ. við atkvæðagreiðslu. Svo og önnur till. frá E-Ólg. M.J. og Jóh. Jós. virtust þó vera viðmælanlegir. Ól. Th. varð einn eftir inni er hinir voru farnir og var áreiðanlega talsvert „ryk" í honum. Talaði hann um

Desbr.

eitt og annað við okkur 3 (V.Þ. Bólagnir). Sagði hann aflangt farið í frumvarpinu um álugeymana og mundi stjórnin verða að draga inn seglin. Hann sagðist vera aldeilis sammála stjórninni um efni málsins en hún yrði að líkindum að beygjast á málinu. Þá sagðist hann virða mig mikils sem mann og forsætisráðherra. Aftur lýsti hann engri ást á V.Þ. en sagði að B.Ól. hefði komið sér í ráðherrasæti 1939.

Ld. 5. Er byrjaður að hugsa um ræðu, sem ég verð að halda á gamlárskvöld í útvarp. Á óskapa bágt með að koma fyrir mig hvað segja skal þar sem vegur er á. V.Þ. sendi til mín hljóðan símskeytis, sem hann er að hugsa um að senda P. Ben og ætlar að halda fund með okkur öllum um skeytið á morgun.

Md. 6. E.A. ...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr.

þess að sameina hugi manna í lýðveldis-
málinu muni vera, að stjórnin beri upp
á Alþingi og fái samþykkta ályktun um
að fara þess á leit við konung, að hann af-
sali sér völdum. Ég held, að þetta kunni
að vera rétt, og er ekki mótfallinn að
bera slíka tillögu fram, ef ráðlegt
þykir eftir nánari athugun. – Á ráðh. fundi
samþ. skeyti til P. Ben. – Kom á þing, en
allt finnst mér þetta ástand þar leiðin-
legt. Getur verið að við lendum í flatn-
skeri, félausir og með verðbólguna svell-
andi umhverfis.

Desbr. 7. Þd. Fundur með ráðherranum um viðhorfið vegna
óvissunnar um hvar þingið gerir í dýrtíðar-
málunum. Eins og önnur uppástunga bar á góma
en engu ráðið til lykta.

Mvd. 8. 3. umræða fjárlaganna. Útbýtt frv. sem kom frá
stjórninni um 15% skattauka og 2% viðskipta-

Desbr.

gjald til nokkurrar vegna dýrtíðarráðstaf-
ana. Þetta er óskemmtilegt frv. og verður harð-
lega andæft á þingi af Sós. og Alþfl. og skal
hér engu spáð um afdrif þess. Fjárlögin
með um 100 millj. útgjöldum eru samt
er þar enginn póstur, sem verja á til þess
að halda dýrtíðinni í skefjum. Þingið
rændi frá stjórninni verðhækkuninni á áfengi
og tóbaki. – Við allir erum sammála um
það, að ekki geti komið til mála að rjúfa
þing vegna þess að sjálfstæðismálið stendur
fyrir dyrum. Ef aftur á móti núverandi
stjórn endist aldur þar til eftir 17. júní
1944, getur verið rík ástæða til þingrofs
þá, því að lítt forsvaranlegt er, að láta
núverandi þing búa til fjárlög í
næsta sinn

Fid. 9. Skattafrv. stj. til umræðu í Nd. Vinstri fl.
hömuðust gegn því. Sjálfstæðisfl. fylgjast [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Deshr.

með. Hvað kemur útúr þessu er óvíst. Kannske verða engar fjárheimildar veittar handa stjórninni. Þess óska þeir helzt, en við sjáum til.

Föstud. 10. Sagði nafna að fara bæri varlega með % frv. vegna dýrtíðarráðstafananna. Hann var annars stilltur en ég sagði honum einnig, að E. A. væri gramur vegna þess, að frv. hafi ekki verið undir hann borið. En um það var getið í návist hans, en hann ekki veitt því athygli.

Ld. 11. Nú virtist allt uppi í loft á þinginu um skattalög, fjárlög og verðuppbætur á útflutningsafurðir bænda. Frv. stj. um tekjuöflun virðist dauðadæmt. Stjórnin stendur þá uppi án allra gagna. Stj. getur ekki hótað þingrofi og hvað skal þá til varnar verða.

Sd. 12. Setið heima og í stj. ráði. Hugsað um ræðu mína á gamlárskvöld. Hvað verður efni hennar. Baks stj. við dýrtíðina? Samstarfið við

Deshr.

þingið í því máli og verður það aðalumtalsefnið. Eitthvað verður að segja um nánustu framtíð. Allt er nú á hverfanda hveli, og veit ég ekki hvað morgundagurinn eða næstu dagar hafa að færa. Ekkert skemmtilegt.

Md. 13. Fjárlögin afgreidd. Samþ. uppbót til bænda á útflutningsafurðir með 27:21. Þarna komu á 12. stund fram í dagsljósið þeir „28" undirskrifendur, sem „spanguðu" í sölum Alþingis í allt haust. Óvissa er um heimild handa stj. til dýrtíðarráðstafana. Frv. Br. B. var nú tekið út af dagskrá í Nd. einu sinni enn eftir að ég hafði svarað fyrirspurn E. Olg. á þessa leið: „Ég held að stj. kjósi að blanda sér ekki neitt í þetta mál, en leggja það alveg á vald háttv. deildar." Jak. Möller óskað málið af dagskrá eða atkvgr. frestað. Er þar að finna hilbur á Sjálfstæðis ...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr.

Þd. 14. Lokaður fundur á Alþingi um álúmmálin. Umræður ekki miklar, þar sem flokkarnir áttu eftir að taka afstöðu til málsins. Talaði við Rsth. um starfsreglur fyrir ríkisráðið, sem hann hefur lengi borið fyrir brjósti, og mun nú verða gefin út tilskipun um þetta efni. Enn óvíst hvenær heppilegast er að slíta þingi. Líklegast best að sæta lagi, þar sem hana skortir enn heimild til verðbólgustöðvunar á næsta ári.

Mvd. 15. Samþykkt á ráðherrafundi, að stjórnin gengi að þingsályktun, sem heimilaði henni fé til þess að hefta verðbólguna þar til Alþingi gerði aðra ályktun. Er nú eftir að vita hvort Sjálfstæðið og Framsóknar ganga inn á þetta. Ef ekki, verður þingið ekki slitið og vissir skattar ganga fram. Við höfum þarna dálitla svipu og megum ekki af þessu keyri missa.

Desbr.

Fmd. 16. Ársafmæli stjórnarinnar. Ríkisráð á Bessastöðum. Þar tekin mynd af ráðinu. Samþykkt í sameinuðu Alþingi að heimila stjórninni fé til niðurgreiðslu afurða innlands. Þar með hefur stjórnin haft sitt fram. Þingslit verða á morgun kl. 2½. – Rsth. þakkaði í lok ríkisráðsfundarins stjórninni fyrir störf hennar. Ég þakkaði Rsth. fyrir góða samvinnu hans og stjórnarinnar. Vissulega hefði stjórnin í upphafi tekið við störfum með nokkuð tvíráðum hug, en nú hefði þó um eins árs skeið, allt slampast af, þó ekki hefðu vonir og áform ræzt nema að litlu leyti.

Föstud. 17. Þingslit. Engir merkir viðburðir að því er ég veit. Verð nú að snúa mér að því að koma saman ræðu minni á gamlárs-kvöld.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr

Ld. 18. Sáralítið aðhafst. Talaði við E.A. um prentun tilsk. um starfsreglur ríkisráðs. Páll Herm. hringdi til mín í hvefju skyni. Hafði hann þökk fyrir. Samdi uppkast að bréfi.

Sd. 19 Allt í molum með ráðsamsuninga mína. Það er svo erfitt að fá í sig nokkra lyftingu. En vora verður við lausbeislaðri verðbólgu og fjármálaráðleysu.

Md. 20 P. Ben. sendiherra kom á fund stjórnarinnar útaf skipun hans um að fara til Moskva. Ég hélt svolítinn ræðustúf um mitt sjónarmið og stjórnarinnar. Hann lætur ekki segjast. Hann virðist ekki vera taugastyrkur, nokkuð sjúklega stífsinna og orðið „selvbevist". Ég veit ekki fyrir víst hvernig þessu lyktar.

Þd. 21. Ég, V.Þ. og Bót. héldum fund í morgun með Jóni Blöndal og félögum hans í byggingarmálanefndinni, sem Jóh. Sæm. hafði skipað

Desbr

Ég vil láta þá halda áfram með nokkrum hætti, en félagar mínir eru þess lítt fýsandi. Sr. Ásmundur kom með skjal undirritað af 71 þingmanni um dýrtíðaruppbót á 2000 kr. launaviðauka prestanna. Ég tók ekki vel undir þetta. Hvað kynlegt að safna undirskriftum þingmanna utan þings meðan þing sæti og láta skjalið ekki koma fram í dagsljósið fyrr en eftir þingslit. Ég neitaði að verða við þessum tilmælum á þessu stigi enda væri skammt til næsta þings. Gera ætti ályktanir á þingi um svona mál fyrir opnum tjöldum. – Þá kom og fram áskorun frá biskupi um verðlagsuppbót á 1000 kr. aukaeftirlaun sr. Einars Thorlacius. Ég kvaðst þurfa að kynna mér grundvöll þessarar launaviðbótar og hvernig á henni stæði [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr.

Mvd. 22. Talaði við Rsfj. um ýmsa hluti, sem koma til framkvæmda á n. á. Hann mælti með því, stjórnin hefði tilbúið fyrir þing frv. til stjórnskipunarlaga. Hætt væri við, að það færi annars í handaskolum hjá stjórnarskrár-nefnd og þingmönnum. Hann ympraði á þjóðfundi og bað mig að tala við collegana um það. Ég nefndi við hann, að mér væri geðfelldastur fimmtudagur í 11. viku sumars sem gildistökudagur hinnar nýju stjórnarskrár. Hann talaði um að nauðsyn bæri til, að reisa viðbótarsal á Bessastöðum fyrir móttökur og viðhafnartækifæri. Ég var því alveg samþykkur. Þá snerist talið að því, með hverjum hætti bezt yrði unnið að því að undirbúa það, að lýðveldið yrði viðurkennt af útlendum þjóðhöfðingjum á einum tíma. Okkur kom saman um, að fara yrði með varkárni.

Desbr.

Þrd. 23. Ég sagði V. Þ. frá mínu samtali mínu við Rsfj. í einstökum atriðum. Síðan ræddum við allir um hvort stjórnin ætti að semja sérstakt stjórnarskrárfrumvarp og um þjóðfund til að kjósa forseta og ef til vill til þess að setja ákvæði um stöðu hans og vald. Við féllumst á þá athugasemd E. A., að hæpið væri að tími ynnist til að undirbúa þjóðfund til þessara aðgerða. Þá minntist ég á, að nauðsyn bæri til að koma í framkvæmd hið fyrst og tók vera á viðbótarbyggingu á Bessastöðum.

Föstud. 24. Aðfdagur. P. Ben. hefur samþykkt að fara til Moskva, þótt hann fallist ekki að öðru leyti á skoðun stjórnarinnar, segir hann það skifti ekki máli, en heildavænlegast fyrir hann að hafa látið undan.

Jóladagur. Las leiðinlega bók, sem ég mun kasta [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr.

Sd. 26. Hugaði að ræðu minni 31. þ.m.

Md. 27 Ráðherrafundur. Rætt um stjórnarskrár-frv. Viðbótarbygging á Bessastöðum. Samkomudag Alþingis.

Þd. 28. Ýmisleg afgreiðslustörf

Mvd. 29. Talaði við Rstj. í morgun og bað hann líta yfir ræðu mína, sem ég hafði skrifað. Hann hringdi síðan og sagði sér líka hún vel. Hann talaði síðan um sömu mál og um daginn. Collegar hafa nú lesið ræðu mína. B.Ól. sagði að tónninn í henni væri að sínu skapi. E.A. benti mér á 2 eða 3 setningar sem mætti orða svolítið öðruvísi og gat ég samþykkt það, og mun breyta þeim á þann veg. Rstj. minntist í síma ~~á~~ sömu mál og um daginn. Sagði ég honum að ég og coll. hefðum hugsað um þau efni.

Fd. 30. Ríkisráð í morgun. Fór á eftir talað um

Desbr.

ýmsa hluti: Einn ráðh. var ekki í sem bezta skapi, en það líður frá aftur.

Föstud. 31. Fundur í utanríkismálanefnd og Pétur Benediktsson ræddi á fundinum. Ég árnaði honum heilla á hinum nýja vettvangi með nokkrum orðum og virtist mér hann ánægður með það og falla orð mín vel í geð.

Gamlárskvöld. Ég hélt ræðu mína í útvarpið og stóð hún röskan hálftíma. Ég held hún hafi tekizt vel. Útvarpsstjóri Jónas Þorbergsson taldi hana bæði skörulega og góða. Þórður sonur minn segir, að hún sé góð. Geir Sigurðsson hringdi til mín og taldi hana orð í tíma talað, og þakkaði hana. Aðra hefi ég ekki heyrt enn, en mun heyra eitthvað um hana á morgun. — Árið er á enda. Allt hið

[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Desbr.

mér hafa verið „mæða og erfiði". Fáar vonir rætzt. Skaplega hefur það þó farið með mig. Eg hef kynnst sumu ágætu fólki, og samstarfið við félagana hefir í reyndinni yfirleitt verið hið ánægjulegasta. Hinir nýju vinir mínir og samverkamenn, B.Ól. og V.Þ., sem báðir eru afburðasnjallir menn en þó næsta ólíkir að skapgerð, hafa reynst mér hinir mestu drengskaparmenn. Þegar á allt er litið má ég óska þess, að hið komandi ár verði mér jafnhagstætt sem hið liðna. Res domesticae falla hér utan við, og ganga svo sem efni standa til, innanlands og utan.

---

# 1944.

Jan. Ld. 1.

Nýjársdagur. Var í kirkju hjá sr. Friðrik kl. 11. Var hjá RsTj. kl. 2 ásamt collegum. Mín eigin móttaka eins og í fyrra í stjórnarráðshúsinu. Rúmlega 70 manns komu. Allir sem heyrðu ræðu mína í gærkvöldi og hittu mig lofuðu hana og töldu hana jafnvel betri en ræðu mína 1. desbr. 1942. Ól.Th. virtist hrifinn af henni og sérstaklega þótti honum vel farið með efni að því leyti, að hvergi var kastað hnútum að einstaklingi eða einstökum flokki. Magnús próf. Jónsson tók svo djúpt í árinni að segja að ræðan hafi verið „meistarastykki". Þetta var nú ekki eintómt skjall hjá þessum mönnum, en hvað stoðar þetta. Nokkur bréf fékk ég í dag frá mönnum eingöngu til þess að þakka mér fyrir ræðuna og óska [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Jan.

Sd. 2. Sendiboði kom frá brezku sendisveitinni til þess að fá ræðu mína á gamlárskvöld. Afhenti ég samrit hennar. Ég heimsótti einstaka vildarmenn og borðaði til kvölds hjá Birni ráðh. Ólafssyni og hans ágætu frú. Var þetta hið unaðslegasta kvöld með þeim og börnum þeirra.

Md. 3. Ráðherrafundur um aðkallandi mál. E.A. tók að sér að athuga breytingar þær, sem gera mætti gætti við stjórnarskrána. Samþykkt að bíða með aðgerðir á Bessastöðum þar til talað væri við fjárveitinganefnd. Rætt nokkuð um mögulega ferð af hendi Rstj. Rstj. hringdi til mín og óskaði viðtals eigi síðar en á morgun.

Þd. 4. Talaði við Rstj. og afhenti hann mér og bað mig lesa skrif nokkurt, er hann hafði tekið saman varðandi þjóðfund vegna sambands- og lýðveldismálsins. Fundur með ráðherrum

1944

um ýmisleg mál þar á meðal yfirlýsingu í Mbl. útaf sendingu Péturs Benediktssonar til Moskva.

Mvd. 5. Talaði við Rstj. í morgun og afhenti honum aftur skrif það sem hann fékk mér í gær. Sagði ég honum, að ég væri ekki sammála honum í meginatriðunum, enda kæmi það í bága við yfirlýsingu stjórnarinnar frá 1. nóv. og Alþingi mundi ekki vilja aðhyllast þessa aðferð. Féllst hann á það og kom okkur saman um, að málið skyldi vera úr sögunni, enda ekki fara fleiri á milli en okkar.

Fd 6. Formaður lýðveldisnefndar hafði óskað þess að einn eða tveir ráðherranna störfuðu með nefndinni af hendi stjórnarinnar. Féllst stj. á það og varð að ráði að E.A. og B.Ól. mættu á fundi nefndarinnar. [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Jan.

6. nefndinni spurði hvort stjórnin vildi bera fram frumvarp nefndarinnar, sem skilað var í vor. E.A. kvað stjórnina ekki fallast á það frv. eins og það væri. Voru þeir þá spurðir hvort stjórnin mundi bera fram eigið frumvarp. E.A. kvað það ekki ráðið. Sögðu nefndarmennirnir þá, að það væri brot á samkomulagi og yfirlýsingunni frá 1. nóv. ef stjórnin bæri fram eigið frumvarp. Þá höfðu þeir Gísli Sveinsson og Hermann talið tillögu mína um gildistökudag lýðveldisstjórnarskrár fimmtudaginn í 10. viku sumars – 22. júní 1944 – ótímabæra og til spillis. Þetta sögðu þeir E.A. og B.Ól. okkur hinum ráðh. af viðræðunum. Spurningin er hvernig stjórnin á að bera sig að. Hysteri lýðveldisnefndar er mikið og eru þeir

1944

Jan.

líklega hræddir um, að þeir „270" og Alþýðuflokkurinn fái vind í seglin, og 3 fl. bandalagið kunni að líða við það.

Föstud. 7. Við félagar komum nú saman á fund og ræddum ráðum okkar um afstöðuna gagnvart lýðveldisnefndinni, og réðum það af eftir tillögu E.A. að segja: „Stjórnin hefur ákveðið að bera lýðveldisfrumvarp milliþinganefndarinnar fram." Fluttu þeir E.A. og B.Ól. svo lýðveldisnefndinni þessi boð, sem nefndin sætti sig við. R.s.J. óskaði samtals við mig á morgun og V.Þ., um skjaldarmerki og ýmislegt fleira vegna hins nýja væntanlega stjórnlags. Það er mér sagt, að sumar „sjálfstæðishetjurnar" tortryggi hugarfar mitt í lýðveldismálinu. E.A. býr nú þingsályktun og stjórnarskrárfrumvarp með grein-

[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Jan.

Ld. 8. Ráðherrafundur og samþykktar greinargerðir fyrir frv. til stj.skrár og þings.ál., um sambandsmálið. Eftir samkomulagi milli E.A. og G. Sv. innbyrðis hafði E.A. borið orðalag greinargerðanna undir hann, þótt okkur væri það nú meining mín, að ráðfæra sig neitt við formann lýðveldisnefndar um þetta. V. Þ. sagði við mig í dag, að hann vissi, að tortryggni sumra Sjálfstæðismanna í minn garð væri allmikil, og spurði hann hvort nokkur eiginn félaga mundi vinna með en ekki móti þessu. Eg fortók það, að svo mundi vera, enda hefi ég enga ástæðu til slíkra grunsemda.

Sd. 9. Þingsetning á morgun. Þá predikar biskup eftir minni ráðstöfun, þar sem þetta þing á að leysa af hendi verk mikilvægust verða að teljast fyrir þjóðina langt fram í tímann. Eg er að athuga hvernig

1944

Jan.

þau eru eiga, að vera sem ég segi er ég legg tillöguna um sambandsslit fyrir þingið og lýðveldisstjórnarskrána. Útlitið í þessum stórmálum er engan vegin svo bjart, að ég geti verið ánægður. Leit á úrklippur úr dönskum blöðum.

Md. 10. Þing sett í dag. Biskupi tókst vel. Mjög fátt manna í kirkju, enda var stormur og kuldi. Eg heilsaði á diplómatíið, er var við þingsetninguna. Framhaldi hennar frestað sökum ókominna þingmanna. Dönsku blöðin gráns yfir yfirlýsingu stjórnarinnar 1. nóvbr. Berl. Tid. flytur hálfgerða karrikaturmynd af mér.

Þd. 11. Framhald þingsetningar. Allir sömu forsetar og svarinn endurkjörnir. Gísli Sveinsson forseti sameinaðs Alþingis. Vísir birti ... 31/12

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Jan. Talaði við Gísla Sveinsson í kvöld og
sagði honum, að fyrst bæri að bera
fram tillögu til þingsál. um sambands-
slitin í sameinuðu þingi, en þar á
eftir stjórnarskrárfrumvarpið í Nd.
Ekki virtist hann alveg með á þessum
nótum, en var þó ekki beinlínis þessari
tilhögun andstæður, og vildi hafa um-
ræður um þetta við lýðveldisnefndina.
Ég hafði ekkert við það að athuga.
Áforma ég ríkisráð á morgun og leggja
þá formlega þar fyrir bæði þessi mál.

Mið. 12. Ríkisráð. Þar lagt fram: Tillaga til þál.
um niðurfelling sambandslagasamnings-
ins milli Danmerkur og Íslands,
ennfremur frumvarp til stjórnarskrár
fyrir lýðveldið Ísland. Ég mælti nokk-
ur formleg orð með hvorri tillögunni
um sig. Ríkisstjóri konungsríkis-

1944.

ins sagði ekki neitt, en samþykkti
tillögu forsætisráðherrans um að mál
þessi skuli lögð fyrir Alþingi. Fundur
var síðari hluta dags í lýðveldisnefnd.
Þar var ~~[illegible]~~ mættur og túlkaði skoð-
un mína um, að sambandsslitatillagan ætti
að vera lögð fram fyrst, og um hana ætti
að ákveða tvær umræður, svo allt væri
í húsunum fyllstu löglegu formum. B. Ben.
tók undir þetta og var mitt sjónarmið
samþykkt í öllum greinum.

Ftd. 13. E.A., V.Þ. og ég fórum allir að Bessastöðum
til fundar við ríkisstjóra með vilja hans
en eftir ósk minni. Töluðum við um
ýmis mál-efni: Skjaldarmerki, ráð-
herrabústaðinn, „heimsókn", bréf það,
er borist hafði frá Krabbe og hvort
ástæða væri til að semja reglur um „rang"
til hægðarauka við ýmis tækifæri. Var ályktun frestað.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Jan.

Föstud. 14. Flutti í sameinuðu þingi tillöguna um niður-
felling sambandslagasamningsins. Hélt stutta
formlega ræðu án þess að fara inn á efni máls-
ins, heldur tók fram, að breytingartillaga
kæmi fram frá stjórninni síðar. Ræðan birt
í útvarpinu. Í umræðu á eftir lýsti St. J. St.
andstöðu. Umræðu frestað. Ráðherrafundur
þar sem ályktað var að hugsa ekki
framar um „Heimsóknina". Mér þótti
ekki hættandi á fyrirtækið, sem gæti haft
tvíeggjaðar og alvarlegar afleiðingar. E. A.
var alveg andvígur og sýndi heldur
kulda í vissa átt, og sagði, að við skyld-
um hafa allan vara á okkur. B. Ól. var
og andvígur förinni, sem og V. Þ. er
tók þar meðal annars fram að álitið
væri um of. Um málið ríkti því
full eining milli okkar allra.

Ld. 15. Fjárveitinganefnd hélt fund hjá mér í skrif-

1944

Jan.

stofunni um viðbót, viðhafnarsal, á
Bessastöðum. V. Þ. var á fundinum líka. Ég
reifaði málið, skýrði hugmyndina og
lýsti réttmæti hennar og beinlínis nauð-
syn. Svo og því, að verkinu þyrfti að verða
lokið fyrir 17. júní í vor. Pétur Ottesen
tók fyrstur til máls og taldi bygginguna
þessa bruðl og óþarfa og „flottræfilshátt"
og notaði þetta orð af því að ég hafði
látið það mér um munn fara í ræðu
minni á gamlárskvöld. J. J. sagði það
smekklaust af Sveini Björnssyni að
velja máls á þessu og átaldi stjórnina
fyrir að víkjast undir málið og fylgja
því fram. Sig. Kr. sagðist vilja byggja í
Reykjavík. Jóh. Jós. var meðmæltur við-
bótinni, einnig Þ. Þ., þó með athugasemd.
Aðrir nefndarmenn, fjórir að tölu, þögðu.
V. Þ. fylgdi málinu vel eftir [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Jan.

til J.J. og hitlaði J.J. svolítið um leið fyrir áhuga hans á nýbyggingunum. Þeir fengu skjöl málsins og teikningar lánuð hjá mér til nánari athugunar. Ég hefi von um, að hægt verði að vinna meiri hluta nefndarinnar fyrir málið.

Sd. 16. Á að mæla fyrir lýðveldisstjórnarskránni á morgun við 1. umræðu í Nd.

Md. 17. S.l. nótt dreymdi mig Dóru, þó óljóst. Virtist mér hún orðin einhvern veginn öðruvísi, en áður. Kannske náð betri heilsu. Ekki þekkti ég þann stað sem ég sá hana, en ég var ég var í einskonar hvítum slopp eða skikkju, sem mér fannst töluvert til um þótt ekki væri hún síð. Allt var þetta óljóst.–

1. umræða um stjórnarskrármálið. Var ræðustúfur minn lesinn í útvarpið í kvöld ygrenslur blöðunum. Það vakti

1944.

Jan.

eftirtekt ekki aðeins mína, að Fontenay kom ekki á Alþing, og enginn var þar annara diplomata. Þeir virtast vilja leita hjá sér aðgerðir okkar í utanríkispólitíkinni.

Þd. 18. Ég, V.Þ. og Bjól. fórum og frúr þeirra að Bessastöðum í afmæli ríkisstjórafrúar Björnsson. Þar var Fontenay og margt kvenna. Þau hjón virtust mjög ánægð yfir komu okkar. E.A. kom þar ekki, né hans frú. Síðan dvöldum við heima hjá B.Ól. og var ýmislegt spjallað. Svo virðist sem E.A. vilji lítið hafa sig frammi í skilnaðar- og lýðveldismálinu, en aðeins sjá hverju fram vindur í lýðveldisnefndinni. B.Ól. og V.Þ. vilja leggja fram álíkar breytingartillögur. Við þurfum allir ásamt E.A. að koma okkur niður á hvað gera skuli. Umræðum um skilnaðarmálið var frestað á þingi í dag sökum þess að rafmagnslaust

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Jan.

var í bænum og því ekki unnt að halda áfram störfum eftir að skyggja tók.

Mvd. 19. Halldór Jónasson kom til mín og var mjög gramur yfir því, að einum pólitískum samstarfsmanni hans var ekki veitt skattstjórastarf í Hf. Sagði hann að búast mætti við, að þeir er Þjóðólf styddu mundu nú snúast gegn stjórninni að meiri eða minna leyti. Sagði ég H.J., að hans fólk yrði að fara sinn fram, eftir því sem málefni stæðu til frá þess sjónarmiði. – Framhaldsumræður í sam. þingi um sambandsmálið. G.Sv. tilkynnti, að 12 manna nefnd í sameinuðu þingi, sem hefði lýðveldismálið til meðferðar, vildi fá einn eða 2 ráðherra til samstarfs. Við völdum E.A. og B.Ól. Fjárveitinganefnd vill ekki styðja viðbótarbygginguna á Bessastöðum. Róa verður betur.

Jan. 1944

Fid. 20. Framhaldsumræður í sam. þingi um sambandsmálið. St.J.St. og Ásg.Ásg. beindu því mjög fastlega til mín og stjórnarinnar að leita samkomulags um málið í þinginu svo að eining gæti orðið um afgreiðslu þess. Munu þeir vilja margt til vinna að þetta gæti tekizt. – Ég benti collegum mínum á ósamræmi sambandsslitatillögu milliþinganefndarinnar, sem nú er til umræðu, við 8. grein í nótu íslenzku stjórnarinnar 8. ágúst 1942 til Bandaríkjanna. En þar segir, að danskir ríkisborgarar skuli halda óskertum réttindum sínum samkvæmt sambandslagasamningnum þar til kostur verður á að gera samning um framtíðarviðskifti beggja þjóðanna. Menn milliþinganefndinni hafa yfirsézt þarna og verði úr þessu að bæta ef vonast má eftir viðurkenningu USA á lýðveldinu

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jan. 1944.

Föstud. 21. Ríkisráðsfundur. Ég skýrði að loknum störfum frá undirtektum fjárveitinganefndar til fjárframlaga til smíðis viðbótarsals á Bessastöðum. Ríkisstjóra mislíkaði stórum þessar undirtektir og talaði hörð orð um þetta háttalag nefndarinnar. Var hann alveg óvenjulega beiskur og varð ég brátt þess vísari, að honum var meira niðri fyrir, en þá var komið á daginn. Rætt var frekar um meðferð þessa máls hverja aðferð skyldi hafa til að knýja það fram, enda ~~er~~ mér og V. Þ. þetta einnig kappsmál, og munum við hafa úti öll spjót til þess að koma þessu í framkvæmd. – Þegar við gengum út úr herbergi Rstj. vildi svo til að ég gekk síðastur og bað Rstj. mig þá um að staldra eitt augnablik. Því næst sagði hann: „Ég vil segja þér einum frá ákvörðun, sem ég hefi tekið. Ég ætla

Jan. 1944.

að senda Alþingi á eigin spýtur bréf varðandi þjóðfund. Ég varð hvumsa við, því að vikið hafði verið að málinu áður og ég hélt að það væri úr sögunni hjá honum líka. Ég sagði, að þetta kynni að draga dilk á eftir sér fyrst og fremst fyrir hann og ef til vill fyrir mig, sem líklega yrði bendlaður við tiltækið. Kvaðst ég vera þessu mótfallinn. Hann sagði: „Ég er ekki að bera þetta undir þig til ráðuneytis. Ég tilkynni þér bara þetta sem óraskanlegt áform mitt og sendi ég bréfið, sem nú er hreinritað, í dag“. Ég kvað hann þá verða að fara sínu fram fyrir mér. Þetta var kl. $12^{45}$

Kl. $7^{25}$ e.h. kemur sendiboði ríkisstjóra og afhendir mér bréf frá honum, sem er afrit af bréfi sem hann hefur þegar sent forseta sameinaðs Alþingis. Í fylgibréfi til mín segist hann munu láta blöð og útvarp fá

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

jan.

afrit af skjalinu og óskar að ég láti ekki neitt opinberlega uppi um þetta fyrr en síðdegis á morgun. Ég hringdi strax til E.A. og sagði honum í síma frá þessum tíðindum og spurði hann hvort honum litist nokkuð á þessu efni í kvöld, og hélt hann það ekki vera, og lét ég því kyrrt vera til morguns. V.Þ. símaði til mín í öðrum erindum og sagði ég honum, að ég hefði fengið merkilegt bréf, en annað ekki, ekki einu sinni hver sendandi var. – Við fáum nú að sjá hverja framvindur. – Annars ráðslöguðum við félagar í dag um væntanlegar breytingartill. frá stjórninni við stjórnarskrárfrumvarpið, sem E.A. og B.Ól. bera fram á fundi lýðveldisnefndar á morgun.

1944

jan.

kl. 22. Ég birti collegum bréf Rstj. Þeir undruðust aðferð hans og töluðum við um hvatir hans til þessa. Komu þar ýmsar getgátur fram. Ég sagði, að vera mætti að hann gerði þetta til varnar sér út á við ef til þyrfti að taka og ef til vill til þess að draga málið dálítið á langinn. – E.A. og B.Ól. voru á fundi lýðveldisnefndar Sþ. í dag kl. 1½–4. Þar sagði forseti Sþ. frá því, að hann hafi fengið bréf frá Rstj. Var svo fundur haldinn seinna, kl. 5½, og málið rætt voru þeir E.A. og B.Ól. einnig á þeim fundi. Þeir komu til mín að fundinum loknum kl. $7^{25}$ og sögðu, að hugir manna í nefndinni hafi verið mjög þungir en þó stilltir. Virtist þeim Rstj. ekki hegða sér constitutionelt gagnvart Alþingi og

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jan.

ekki lojalt gagnvart stjórninni. Það væri og ekki að gildandi lögum heimilt að ráða lýðveldismálinu til lykta með þjóðfundi. Með tillögunum væri stofnað til ágreinings milli Alþingis og ríkisstjórnar. Var erindi þeirra E.A. og B.Ól. að beina því til mín, hvort ég vildi ekki síma strax til Rstj. og eventuelt að fá hann til að kalla aftur ósk hans um, að bréf hans yrði lesið í útvarpi og birt í blöðum og afturkalla skjölin. En þeir sögðu að þingmönnum hafi gramist mest, að hann skyldi hafa sent frá sér skjölin til birtingar. Ég sagði þeim E.A. og B.Ól., að ég vildi gera mitt bezta í þessum efnum en gaf þeim ekki vonum, að neinn árangur



Jan.

yrði. Er þeir voru farnir, hringdi ég til Bessastaða kl. 7$^{35}$. Var mér sagt, að gestir væru þar og sætu undir borðum. Ég sagði, að ég vildi láta ríkisstjóra samt vita af mér, og kom hann þá þegar í stað í símann. Sagði ég honum af létta það, sem E.A. og B.Ól. höfðu sagt mér, og innti að því hvort afturköllun um birtingu í útvarpi og blöðum gæti fengist framgengt. Ég hafi hugsað, að hann hefði látið forseta Sþ. G.Sv. vita um, að bréfið hafi verið sent blöðum og útvarpi. Hann kvað það gert að yfirlögðu ráði, að láta hann ekki vita af því. Bréfið hefði hann orðið að gera opinbert og passa, að því yrði ekki stungið undir stól. Ég sagði, að búast mætti við nokkrum öldugangi út úr þessu og sagðist hann hafa hugsað út í það o.s.frv. – Kl. 8$^{40}$ hringdi ég til forseta Sþ. G.Sv. og

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Jan.
22. sagði honum mína skoðun á meðferð málsins.
Hann léti lýðveldisnefnd skrifa rökstutt bréf til
andsvara, sem hann sendi síðan Rstj. Væri málið
þarmeð úr sögunni. Hann sagði flokkana verða málið
þróti ev. fundur í Sþ. lokuðu, en allt yrði gert
með vitund og í samráði við stj. Kvaðst hann vera
sammála mér um það, að fara að engu óðslega og við
værum á sömu línu í málinu.

Ld. 23. Kl. 10 í morgun hringdi E.A. og óskaði ráðh.fundar í dag.
Eg gekk inná það og var fundur kl. 2-4. í stjr.
E.A. var ansi stífur á köflum og kvaðst mundu
ev. segja af sér ef Rstj. ræki pólitík á bak við stj.
Fordæmið væri fráleitt. Rstjóri hefði verið sammála
yfirlýsingunni 1/11 og kæmi nú á eftir. Þetta
gæti skilist sem móðgun við stj. og hefði sér
dottið í hug fyrst, að stj. segði af sér. Talið mundi
víst, að fyrirspurn kæmi á Alþingi um hvernig
stj. ætlaði að standa til málsins og þá yrði stj. að svara.
Hún kallar þetta
Eg spurði B.Ól. „Hvað segir konan þín um þetta?“ „Saklausa uppá-

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# REFERENCE TABLES

## Avoirdupois Weight

(Used in weighing all articles except drugs, gold, silver and precious stones)

27-11/32 grains (gr.) = 1 dram (dr.)
16 drams (437½ grs) = 1 ounce (oz.)
16 ounces (7000 grs.) = 1 pound (lb.)
25 pounds = 1 quarter (qr.)
4 quarters or 100 pounds = 1 hundredweight (cwt.)
2000 pounds or 20 hundredweight = 1 ton (T.)

NOTE:—The ton and hundredweight above given are those in common use in the United States.

2240 pounds = 1 long ton (L. T.)
13¼ cubic feet of air weighs 1 pound

NOTE:—The grain has the same value in the Avoirdupois, Apothecaries', and Troy systems.

## Apothecaries' Weight

(Used in compounding medicines)

20 grains (gr.) = 1 scruple
3 scruples = 1 dram
8 drams (480 grs.) = 1 ounce
12 ounces (5760 grs.) = 1 pound

NOTE:—The pound and ounce have the same value as those of Troy Weight.

## Troy Weight

(Used in weighing precious metals)

24 grains (gr.) = 1 pennyweight (dwt.)
20 pennyweights = 1 ounce (oz.)
12 ounces (5760 grains) = 1 pound (lb.)
1 carat (used for weighing precious stones) = 3.0865 grains

## Linear Measure

1/12 inch = 1 line
12 inches = 1 foot (ft.)
3 feet = 1 yard (yd.)
5½ yards or 16½ feet = 1 rod (rd.) or pole
40 rods (660 feet) = 1 furlong (fur.)
320 rods (5280 feet or 8 furlongs) = 1 statute mile (m.)
3 miles = 1 league
6 feet = 1 fathom
120 fathoms = 1 cable-length
7⅓ cables = 1 statute mile
5280 feet = 1 statute mile
6080.2 feet = 1 geographical or nautical mile
1 geographical mile = 1.15155 statute mile
60 geographical miles = 1 degree longitude at equator
360 degrees = circumference of earth at equator

## Square Measure

144 square inches = 1 square foot (sq. ft.)
9 square feet = 1 square yard (sq. yd.)
30¼ square yards or 272¼ square feet = 1 square rod or 1 perch
40 square rods = 1 rood (R.)
160 square rods = 1 acre (A.)
640 acres = 1 square mile (sq. mi.)

A square having an area of 1 acre, measures 208.71 feet on each side.

1 township = 36 sections each 1 mile square
1 section = 640 acres
¼ section = ½ mile square or 160 acres
⅛ section = ½ mile long and ¼ mile wide or 80 acres
1 acre = 4840 square yards
1 acre = a lot 208.71 feet square

## Cubic Measure

1728 cubic inches (cu. in.) = 1 cubic foot (cu. ft.)
27 cubic feet = 1 cubic yard (cu. yd.)
16 cubic feet = 1 cord foot of wood
128 cubic feet or 8 cord feet = 1 cord of wood

NOTE:—A cord of wood is equivalent to a pile 8 feet long, 4 feet wide, and 4 feet high.

24¾ cubic feet = 1 perch (P.)

NOTE:—A perch of stone or brick is equivalent to a section 16½ feet long, 1½ feet wide, and 1 foot high. The unit is sometimes understood to mean 16½ cubic feet and sometimes 25 cubic feet.

40 cubic feet = 1 measurement ton, U. S. Shipping
42 cubic feet = 1 ton British Shipping
40 feet of round timber, or 50 feet of hewn timber = 1 ton or load

## Multiplication Table

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 2 | 4 | 6 | 8 | 10 | 12 | 14 | 16 | 18 | 20 | 22 | 24 |
| 3 | 6 | 9 | 12 | 15 | 18 | 21 | 24 | 27 | 30 | 33 | 36 |
| 4 | 8 | 12 | 16 | 20 | 24 | 28 | 32 | 36 | 40 | 44 | 48 |
| 5 | 10 | 15 | 20 | 25 | 30 | 35 | 40 | 45 | 50 | 55 | 60 |
| 6 | 12 | 18 | 24 | 30 | 36 | 42 | 48 | 54 | 60 | 66 | 72 |
| 7 | 14 | 21 | 28 | 35 | 42 | 49 | 56 | 63 | 70 | 77 | 84 |
| 8 | 16 | 24 | 32 | 40 | 48 | 56 | 64 | 72 | 80 | 88 | 96 |
| 9 | 18 | 27 | 36 | 45 | 54 | 63 | 72 | 81 | 90 | 99 | 108 |
| 10 | 20 | 30 | 40 | 50 | 60 | 70 | 80 | 90 | 100 | 110 | 120 |
| 11 | 22 | 33 | 44 | 55 | 66 | 77 | 88 | 99 | 110 | 121 | 132 |
| 12 | 24 | 36 | 48 | 60 | 72 | 84 | 96 | 108 | 120 | 132 | 144 |

## Circular Measure

60 seconds (") = 1 minute (')
60 minutes = 1 degree (°)
90 degrees = 1 quadrant
360 degrees = 1 circumference

A degree of the earth's surface on a meridian equals approximately 69 miles.

## Liquid Measure

4 gills (gi.) = 1 pint (pt.)
2 pints = 1 quart (qt.)
4 quarts = 1 gallon (gal.) (231 cu. in.)
31½ gallons = 1 barrel (bbl.)
2 barrels = 1 hogshead (hhd.)
1 cubic foot of water = 7.48 gallons
1 cubic foot of water weighs approximately 62½ pounds

## Apothecaries' Fluid Measure

60 minims = 1 fluid dram
8 fluid drams = 1 fluid ounce
16 fluid ounces = 1 pint
8 pints = 1 gallon

## Dry Measure

2 Pints (pt.) = 1 quart (qt.)
8 quarts = 1 peck (pk.)
4 pecks = 1 bushel (bu.)
1 bushel potatoes = 60 pounds
1 barrel flour = 196 pounds

## Time Measure

60 seconds = 1 minute
60 minutes = 1 hour
24 hours = 1 day
7 days = 1 week
30 days = 1 calendar month
12 months = 1 year
365 days = 1 common year
366 days = 1 leap year
100 years = 1 century

## Paper Measure

(Old measure, still in use for small papers)

24 sheets = 1 quire
20 quires = 1 ream
10 reams = 1 bale

(New measure, used for large papers)

25 sheets = 1 quire
20 quires = 1 standard ream

## Miscellaneous

12 units = 1 dozen
12 dozen = 1 gross
12 gross = 1 great gross
20 units = 1 score
4 inches = 1 hand
Diameter of circle x 3.1416 = circumference
Circumference of circle x .3183 = diameter
Diameter of circle squared x .7854 = area
Atmospheric pressure is 14.7 lbs. per square inch at sea level.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur